

Fréttabréf

Hörgárbyggðar

18. tbl., 7. árg., 22. desember 2007 Ábm.: Guðmundur Sigvaldason

GLEÐILEG JÓL

Sveitarstjórn Hörgárbyggðar, sveitarstjóri og fulltrúi óska íbúum Hörgárbyggðar gleði og friðar á jólum og farsældar á nýju ári með þökk fyrir árið sem er að líða.



Frá Íþróttamiðstöðinni á Pelamörk

Til vors 2008 verður opið virka daga kl. 17:00-22:00, laugardaga kl. 10:00-18.00 og sunnudaga kl. 10:00-22:00.

Sundleikfimi hefst fimmtudaginn 10. janúar kl. 20:30.

10 vikna námskeið kostar 5.000 kr.

Opnir badmintontímar eru á föstudagskvöldum kl. 20:00-22:00. Hver tími er á 500 kr. á mann meðan húsrúm leyfir.

Íþróttamiðstöðin á Pelamörk

óskar öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári og þakkar viðskiptin á líðandi ári.



Skrifstofa Hörgárbyggðar

Skrifstofan er opin að jafnaði frá 10:00 til 12:00 og 13:00 til 15:00 á virkum dögum, nema á föstudögum. Símatími er á sama tíma.

Sími: 461-5474, fax 461-5475. Netfang: horgarbyggd@horgarbyggd.is.

Veffang: www.horgarbyggd.is

Úrdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

Fundur nr. 110 19. desember 2007

Mætt voru: Árni Arnsteinsson, Birna Jóhannesdóttir, Guðný Fjóla Árnarsdóttir, Helgi Bjarni Steinsson, Jóhanna María Oddsdóttir ásamt Guðmundi Sigvaldasyni sveitarstjóra.

1. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2008, síðari umræða

Lögð fram fjárhagsáætlun aðalsjóðs, eignasjóðs og fráveitu Hörgárbyggðar fyrir árið 2008, með áorðnum breytingum frá fyrri umræðu.

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að skatttekjur verði alls kr. 196.340.000 og heildarrekrarkostnaður (nettó) verði kr. 175.598.000. Fjármagn til fjárfestinga verði kr. 20.742.000 sem er 10,6% af skatttekjum.

Sveitarstjórn samþykkti fjárhagsáætlunina eins og hún var lögð fram.

2. Fundargerð stjórnar Íþróttamiðstöðvarinnar, 12. des. 2007

Fundargerðin er í tveimur liðum. Fundargerðin rædd og afgreidd án athugasemda.

3. Tréstaðir, orlofshús, úrskurður um gjaldskyldu

Bréf, dags. 6. des. 2007, frá Yfirfasteignamatnefnd þar sem kveðinn er upp sá úrskurður að orlofshús Kauppings hf. í landi Tréstaða skuli skattlögð skv. a-lið 3. mgr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

4. Blómsturvallavegur, slitlag og lýsing

Sveitarstjórn samþykkti að óska eftir því að við Vegagerðina að hún leggi, næsta sumar, bundið slitlag á a.m.k. fyrstu 150 m af Blómsturvallavegi og að sett verði götulýsing á þann kafla.

5. Neytendasamtökin, styrkbeiðni

Bréf, dags. 4. des. 2007, frá Neytendasamtökunum þar sem óskað er eftir styrk að fjárhæð kr. 7.398 vegna starfsársins 2008.

Sveitarstjórn samþykkti að verða við erindinu.

6. Gjald fyrir förgun úrgangs, breyting

Skv. gjaldskrá Flokkunar ehf., sem var endanlega afgreidd á stjórnarfundi Flokkunar ehf. 13. des. 2007, er gjald fyrir kjöt- og sláturúrgang, fiskúrgang og matarleifar 7,20 kr./kg en ekki 7,00 kr./kg eins og gengið var út frá við ákvörðun þessa gjalds fyrir Hörgárbyggð 21. nóv. 2007.

Sveitarstjórn ákvað að gjaldskránni frá 21. nóv. 2007 verði breytt þannig að 7,20 kr./kg kom í stað 7,00 kr./kg. v/ kjöt- slátur- fisk- úrgangs og matarleifa.

7. Félagsheimilið Melar, umsjón

Lögð fram drög að ráðningarsamningi við Braga Konráðsson, Lönguhlíð, ásamt drögum að starfslýsingu fyrir umsjónarmann félagsheimilisins Mela.

Sveitarstjórn fór yfir drögin og samþykkti síðan að ganga til samninga við Braga Konráðsson á grundvelli framanritaðs.

8. Innkaupareglur Hörgárbyggðar

Lögð fram drög að innkaupareglum fyrir Hörgárbyggð, sbr. fundargerð sveitarstjórnar 5. des. 2007 (12. liður). Fjárhæðir í drögunum taka mið að þeim fjárhæðum sem eru í gildi hjá sambærilegum sveitarfélögum.

Innkaupareglurnar voru ræddar og síðan samþykktar samhljóða.

9. Um framkvæmdaleyfi vegna efnistöku

Bréf, dags. 7. des. 2007, frá Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun, þar sem vakin er athygli á gildistöku á breytingu á lögum sem fela í sér að efnistaka er óheimil nema að fengu framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar, líka þó að um gamlan efnistökuastað sé að ræða.

Lagt fram til kynningar.

10. Tilnefningar í ráð og nefndir hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga

Bréf, dags. 12. des. 2007, frá Eyþingi, þar sem óskað er eftir upplýsingum um þá aðalmenn í sveitarstjórn og embættismenn hjá sveitarfélaginu sem eru reiðubúnir að taka að sér nefndarstörf á vegum Sambands ísl. sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

11. Barnavernd, framkvæmdaáætlun

Bréf, dags. 5. des. 2007, frá félagsmálaráðuneytinu, þar sem fram kemur að sveitarstjórnir skuli gera framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar.

Skv. heimild í 2. mgr. 9. gr. barnaverndarlaga var ákveðið að vísa málinu til barnaverndarnefndar.

12. Frumvörp til laga um grunnskóla og leikskóla

Bréf, dags. 12. des. 2007, frá Alþingi ásamt frumvörpum til laga um grunnskóla og leikskóla. Óskað er eftir umsögn um frumvörpin.

Lagt fram til kynningar.

13. Frumvörp til laga um framhaldsskóla og um menntun og ráðningu kennara

Bréf, dags. 12. des. 2007, frá Alþingi ásamt frumvörpum til laga um framhaldsskóla og um menntun og ráðningu kennara. Óskað er eftir umsögn um frumvörpin.

Lagt fram til kynningar.

14. Fundargerð heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra, 5. des. 2007

Fundargerðin er í ellefu liðum, enginn þeirra varða Hörgárbyggð.

Lögð fram til kynningar.

Næsti fundur sveitarstjórnar verður 16. jan. 2008

Dagskrá fundarins mun birtast á heimasíðu sveitarfélagsins síðdegis 14. jan. og liggja frammi á skrifstofunni frá sama tíma

Næsti söfnunardagur á heyrúlluplasti (baggaplasti)

er 14. janúar 2008. Minnt er á að vanda frágang plastsins, svo að meðhöndlun þess og endurvinnsla gangi sem best.

Íbúatala Hörgárbyggðar

Skv. upplýsingum frá Hagstofu Íslands töldust íbúar Hörgárbyggðar alls **416** þann 1. des. sl. Það er fjölgun um 5 frá sama tíma í fyrra, sem er 1,2%. Á landinu öllu fjölgaði íbúum um 1,8% á sama tíma.

Á Akureyri fjölgaði um 2,6%, úr 16.822 íbúum í 17.253 íbúa, og í Arnarneshreppi fækkaði úr 176 íbúum í 171 íbúa.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2008

Fjárhagsáætlun aðalsjóðs, eignasjóðs og fráveitu Hörgárbyggðar fyrir árið 2008 var afgreidd á fundi sveitarstjórnar 19. des. sl.

Heildarskatttekjur sveitarfélagsins á árinu 2008 eru áætlaðar rúmlega 196 milljónir, sem yrði um 7% hækkun frá áætlaðri niðurstöðu ársins 2007. Af þessum tekjum er áætlað að alls tæplega 176 millj. kr. verði varið til rekstrarþátta sveitarfélagsins og tæplega 21 millj. kr. fari til framkvæmda. Hlutfall skatttekna til framkvæmda verður 10,6% skv. áætluninni. Það er mun hærra hlutfall en almennt gerist.

Helstu framkvæmdir sveitarfélagsins á árinu verða endurbætur á sundlauginni á Þelamörk, framhald á gatnagerð við Lækjarvelli, endurbætur í Hlíðarbæ, endurbætur á rotþró Skógarhlíðarhverfis og frágangur í kringum Birkihlíð og nýbyggingu leikskólans.

Þetta eru töluverðar framkvæmdir og skv. fjárhagsáætluninni er gert er ráð fyrir að handbært fé sveitarfélagsins lækki um tæplega 5 millj. kr. árinu. Þrátt fyrir það er gert ráð fyrir að fjárhagsstaða sveitarfélagsins í árslok 2008 verði sterk, eins og hún hefur verið undanfarin ár.

Fróðleiksmoli af heimasíðu Staðardagskrár 21

(www.samband.is/Dagskra21)

Þrír af hverjum fjórum Bandaríkjamönnum ætla að sinna umhverfismálum betur á næsta ári, m.a. með því að spara orku og skila meiri úrgangi til endurvinnslu. Þetta kemur fram í nýrri könnun sem sagt var frá sl. mánudag. Helmingur aðspurðra ætla að strengja „grænt“ áramótaheit, 67% ætla að draga úr efnanotkun í heimilis-haldi og 42% ætla að taka taupoka með sér í búðina í stað þess að kaupa plast-poka.

(Þessi moli er úr "Orðum dagsins" á heimasíðunni 19. des. 2007)